

DREN MEÐ SOGI

eftirlit heima eftir skurðaðgerð á brjósti

Við útskrift er gefinn tími í endurkomu hjá hjúkrunarfræðingi á brjóstamiðstöð Landspítala. Hann metur hvort og hvenær hægt er að fjarlægja drenin. Til að tryggja að dren starfi rétt og að hægt sé að meta hvenær má fjarlægja það þarf að fylgja eftirfarandi leiðbeiningum.

**PVO
HENDUR
FYRIR
OG
EFTIR
MED-
HÖNDLUN
DRENS**

A

DAGLEGT EFTIRLIT

Hve oft: Reglulega yfir daginn, að minnsta kosti tvisvar á dag.

- Drenpoki á alltaf að vera fyrir neðan skurðsvæðið til að blóðvöki geti runnið vel í pokann.
- Efri klemman á slöngu er alltaf höfð opin og sú neðri lokuð nema þegar tæmt er niður í poka. Opnað og lokað er fyrir slöngur með því að renna klemmu til hliðar.
- Halda sogi á dreni með því að skoða reglulega hvort belgur sé samankreistur. Ef vökvi hefur safnast í belginn þarf að tæma hann í pokann.
- Gæta þess að ekki sé brot á drenslöngu og að umbúðir séu vel festar og þurrar.

Tæmt niður í poka

1. Loka efri klemmu (nær skurði) og opna fyrir neðri klemmu (niður í poka), sjá mynd 1.
2. Kreista belg mjög vel saman svo vökvi renni niður í pokann.
3. Setja sog á dren aftur með því að halda belg kreistum saman og loka fyrir neðri klemmu.
4. Opna fyrir efri klemmu til að blóðvöki komist ofan í belginn.

**B**

NÝR POKI SETTUR OG SKRÁNING Á MAGNI BLÓÐVÖKVA

Hve oft: Á hverjum morgni, á svipuðum tíma.

1. Tæma blóðvökva úr belg samkvæmt lýsingu að ofan, sjá mynd 2.
2. Skrífa poka af, setja nýjan og herða vel.
3. Halda poka sem tekinn var af uppréttum, til að meta hve mikill blóðvöki hefur komið í hann.
4. Skrá magn á skráningarblað (sjá bakhlíð).
5. Setja notaðan drenpoka í plastpoka, loka vel fyrir og henda í almennt rusl.



Hafa þarf samband við brjóstamiðstöð ef:

- Leki er meðfram dreni þannig að umbúðir eru gegnblautar.
- Belgur er útþaninn án þess að vökvi sé í honum.
- Blóðvökvi hættir skyndilega að koma í drenið.
- Hiti verður hærri en 38,2°C.
- Umbúðir losna alveg frá húð.

Símanúmer

Brjóstamiðstöð Landspítala, opin kl. 08:00-16:00 mánudaga til föstudaga 543 9560

Utan dagvinnutíma er leitað til legudeildar:

Kvenlækningadeild 21A 543 3264

HNE, lýta- og æðaskurðeild A4 543 7354

DREN MEÐ SOGI – SKRÁNINGARBLAÐ

Hér er skráð hve mikið kom í drepoka síðasta sólarhring. Ef um er að ræða fleiri en eitt dren þarf að skrá hvað kom í hvert fyrir sig, þ.e. skrá magn sem kom í dren hægra og/eða vinstra megin. Ef tvö dren eru sömu megin eru þau aðgreind með því að skrá hvað kemur í fremra drenið annars vegar og það aftara hins vegar.

Dags	Tími	Dren vinstra megin		Dren hægra megin	
		fremra	aftara	fremra	aftara

Hafa þarf skráningarblaðið með í endurkomu til hjúkrunarfræðings á brjóstamiðstöð.